

Nd.

127. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, og að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingayfirlækni, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og tryggingalækni, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

2. gr.

10. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Bætur skulu vera fjórðungi (25%) lægri á öðru verðlagssvæði en á 1. verðlagssvæði, sbr. þó 16., 19. og 20. gr.

Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótafjárhæðir hvors verðlagssvæðis, aðrar en fjölskyldubótafjárhæðir.

3. gr.

13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 25920.00	kr. 19440.00
Fyrir einstaklinga	— 14400.00	— 10800.00

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru á fullu framfæri foreldranna.

Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Greiða má fósturforeldrum fjölskyldubætur með fósturbarni, ef fullvist er, að barnið sé á framfæri þeirra og hafi verið talið á framfæri þeirra samkvæmt skattframtali undanfarin þrjú ár, enda ekki verið talið jafnframt á framfæri annars. Stytta má tímabil þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef barn er tekið í fóstur á fyrsta aldursári.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera eins á 1. og 2. verðlagssvæði, kr. 2600.00.

6. gr.

17. gr. 6. og 7. mgr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 7200.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 5400.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

7. gr.

18. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa eitt eða fleiri börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Með einu barni	kr. 1400.00	kr. 1050.00
Með tveim börnum	— 7200.00	— 5400.00
Með þrem börnum og fleirum	— 14400.00	— 10800.00

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 2160.00 við hverja fæðingu.

9. gr.

20. gr. orðist svo:

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1440.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum 9 mánuði í viðbót, kr. 1080.00 mánaðarlega.

10. gr.

23. gr. 4. mgr. Í stað „7%“ komi: 10%.

11. gr.

24. gr. orðist svo:

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta, samkvæmt 16. gr., greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Önnur útgjöld lífeyrstrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

- a. Ríkissjóður 36%.
- b. Hinir tryggðu 32%.
- c. Sveitarsjóðir 18%.
- d. Atvinnurekendur 14%.

12. gr.

27. gr. 1. mgr. orðist svo:

Iðgjöld, samkvæmt b-lið 24. gr., greiða allir, sem búsettir eru í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða útsvar né eignarskatt og hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

13. gr.

28. gr. 1. mgr. b-liður orðist svo:

Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.

28. gr. 2. mgr. a-liður orðist svo:

Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.

14. gr.

3. málsliður 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annarhvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

15. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfalli.

16. gr.

3. mgr. 36. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 60.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 68.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

17. gr.

38. gr. orðist svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 90000.00. Ef ekkja eða ekill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 14400.00 á ári miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára, sbr. þó 21. gr. 2 mgr.
- b. Barnalífeyrir, kr. 7200.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.
- c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
- d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, c- og d-liðum skuli eigi lægri vera samanlagt en kr. 30000.00 fyrir hvert einstakt slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 30000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkvæmt b-lið, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn, sbr. 16. gr. 3. mgr., og fósturforeldra, gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

18. gr.

39. gr. falli niður. Í stað hennar komi ný grein, er verði 39. gr., svo hljóðandi: Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík, er ráðherra heimilt, að fegnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 36. gr. og eingreiðslum samkvæmt 38. gr. í samræmi við það.

19. gr.

49. gr. 1. mgr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 58. gr., greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

20. gr.

53. gr. 4. mgr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 24.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 30.00 fyrir kvæntan mann og gifta konu, sem er fyrirvinna heimilis, og kr. 6.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

21. gr.

58. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur upphæð greiddra iðgjalda að viðbættum $\frac{1}{10}$ hluta (110%). Hlutaðeigandi sveitarsjóður greiðir framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur helmingi (50%) greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf t. ári eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

22. gr.

66. gr. 1. mgr. orðist svo:

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftast en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

23. gr.

76. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 7700.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 15400.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 5300.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

24. gr.

Aftan við lögini bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.

Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum, um bætur samkvæmt II. kafla almannatryggingalaga, nr. 24/1956, svo og 37. og 38. gr. sömu laga.

Svo falla og úr gildi ákvæði laga nr. 68/1958, um bætur samkvæmt 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. almannatryggingalaga, nr. 24/1956, ákvæði 2. másl. 1. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa, og ákvæði laga nr. 27 6. maí 1959, um bætur samkvæmt 39. gr. almannatryggingalaga, nr. 24/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu fylgja tvö lagafrumvörp, samin af nefndum, sem skipaðar voru til þess að endurskoða bótaákvæði almannatryggingalaganna. Annað frumvarpið fjallar um hækkaðar bætur lífeyristryggingarinnar, fskj. merkt I, en hitt frumvarpið um hækkaðar slysabætur, fskj. merkt II.

Einn liður í ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru í efnahagsmálum þjóðarinnar, er aukning á bótagreiðslum almannatrygginganna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjölskyldubætur verði nú greiddar með 1. og 2. barni í fjölskyldu og að bætur þessar verði jafnháar fyrir hvert barn, eða kr. 2600.00 á ári, sbr. 5. gr. frumvarps þessa.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 20% hækkun annarra bóta frá því, sem lagt var til með frumvarpi um hækkaðar bætur lífeyristrygginganna, sjá fskj. merkt I. Af þessu leiðir að breyta verður ákvæðum um lífeyri til ekkju eða ekkils og ákvæðum um barnalífeyri, þegar um slysabætur vegna dauða er að ræða, til samræmis við bætur lífeyristrygginganna, frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu um hækkaðar slysabætur, sjá fskj. II, sbr. 17 gr. frumvarps þessa.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu á mæðralaunum, að þau verði greidd einstæðum mæðrum, þó að þær hafi aðeins eitt barn á framfæri, og fjárhæðin þá við það miðuð að hækkun sú, sem verður á bótum frá því, sem nú er, verði a. m. k. eins mikil og fjölskyldubætur með einu barni.

Loks er gert ráð fyrir því, að sú útgjaldaaukning lífeyristrygginganna, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við efnahagsmálin verði að fullu borin uppi af ríkissjóði.

Að öðru leyti er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í öllum höfuðatriðum byggt á áður nefndum tveim frumvörpum, sjá fskj. I og II.

Um 1. gr.

Við Tryggingastofnun ríkisins hafa starfað þrjú læknar, sjúkramálastjóri Sigurður Sigurðsson, berklayfirlæknir, og hefur sjúkramálastjórastarfið verið hálf starf, tryggingayfirlæknir Páll Sigurðsson í fullu starfi og aðstoðarmaður hans, Bergþór Smári og hefur það verið hálf starf.

Nú hefur Páll Sigurðsson beðizt lausnar, en hann er orðinn 67 ára gamall, og Sigurður Sigurðsson hefur fengið veitingu fyrir landlæknisembættinu.

Þótt hagkvæmt hafi reynzt að skipa læknastörfum stofnunarinnar á þennan veg hingað til, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að svo verði framvegis.

Þykir eðlilegast, að læknisstörf við stofnunina verði full störf og að þeim gegni þá aðeins tveir menn, tryggingayfirlæknir og tryggingalæknir, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Tryggingayfirlæknir tæki þá við deildarstjórn sjúkratryggingadeildar, en tryggingalæknir annaðist sérstaklega örorkumat lífeyrisdeildar.

Brún þörf er á því að fá lagabreytingu þessa samþykkt hið fyrsta svo hægt verði að auglýsa störfina laus til umsóknar.

Um 2. gr.

Vegna þess að nú verða fjölskyldubætur greiddar að fullu úr ríkissjóði, þykir ekki rétt, að þær greiðslur hafi áhrif á mismun iðgjalda á 1. og 2. verðlagssvæði. Þegar iðgjöldin eru ákveðin verður því að draga fjárhæð fjölskyldubóta frá öðrum bótafjárhæðum samkvæmt II. kafla.

Um 3.—10. gr.

Með skirskotun til þess, sem þegar er tekið fram, visast til fskj. I.

Um 11. gr.

Eins og áður er tekið fram, er með frumvarpi þessu lagt til, að útgjaldaaukning sú, sem verður vegna þeirrar hækkunar á bótum lífeyristrygginganna, sem beint leiðir af þeim ráðstöfunum í efnahagsmálunum, sem áður er að vikið, verði greidd að fullu úr ríkissjóði.

Þar eð lang mesta hækkunin er áformuð á fjölskyldubótum þykir eðlilegt að kveða svo á, að útgjöld vegna þeirra verði að öllu leyti greidd úr ríkissjóði. Með því móti verður minni röskun á hlutfallslegri þátttöku þeirra aðila, sem bera uppi útgjöldin vegna annarra bóta lífeyristrygginganna, en ella væri. Að öðru leyti visast til yfirlits um kostnað vegna bótahækkanna, sem fylgir frumvarpinu, sjá fskj. III.

Um 12.—13. gr.

Nú er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, sem fólgnar eru í því, að persónufrádráttur er mjög aukinn frá því, sem verið hefur. Í 27. og 28. gr. almannatryggingalaga er miðað við tekjuskattsgreiðslu, 27. gr. og skattgjaldstekjur, 28. gr., sem hvort tveggja raskast svo stórkostlega, að viðmiðun sú, sem verið hefur, verður að breytast. Lagt er til, að í stað orðanna tekju- né eignarskatt í 27. gr. komi útsvar né eignarskatt og í stað skattgjaldstekjur í 28. gr. komi hreinar tekjur. Breytingar þær, sem felast í 12.—13. gr., eru aðeins þessar.

Um 14.—18. gr.

Með skirskotun til þess, sem þegar er tekið fram, visast til fskj. II.

Um 19. gr.

Lagt er til, að niður falli framlag lífeyrisdeildar til sjúkratrygginganna, sbr. 21. gr. frumvarps þessa. Breyting 49. gr. almannatryggingalaga er aðeins til samræmis við það.

Um 20. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða á sjúkradagpeningum er aðeins fólgin í samræmingu við þær kauphækkunir, sem urðu á árinu 1958 um leið og upphæðirnar eru leiðréttar vegna hins nýja vísitölugrundvallar, sem gekk í gildi 1. marz 1959.

Um 21. gr.

Undanfarið hefur útflutningssjóður greitt hluta iðgjalds meðlima sjúkrasamlaga með kr. 13.00 á mánuði fyrir hvern meðlim. Samkvæmt nágildandi lögum greiðir Líf-

eyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur 4% samanlagðra bótagreiðslna.

Í sambandi við þá miklu röskun, sem fyrirhuguð er á hluttöku hinna ýmsu aðila, sem bera útgjöld almannatrygginganna í heild, þykir eðlilegt að fella niður áður nefnda niðurgreiðslu ríkissjóðs og sérstakt framlag Lífeyrisdeildar og er þátttökuhlutfall ríkissjóðs og sveitarsjóða þannig ákveðin í frumvarpsgreininni að byrðar þessara aðila vegna trygginganna verði sem næst hinar sömu og þær eru nú, samkv. gildandi lögum, sjá fskj. III.

Um 22. gr.

Vegna hinnar miklu fjölgunar bótaþega, sem stafar af því, að fjölskyldubætur greiðast nú með einu eða tveim börnum, er talið að afgreiðslustörf Tryggingastofnunar ríkisins aukist óhóflega, ef skylt er að greiða slíkar bætur mánaðarlega. Þykir því rétt að leggja til, að eigi sé skylt að greiða slíkar bætur oftari en fjórum sinnum á ári.

Um 23. gr.

Nú þegar fyrirhuguð er gagnger breyting á skattakerfi ríkisins, sem meðal annars gerir ráð fyrir því, að allir verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts, sem ekki hafi meiri laun en almennar launatekjur, svo að skattleysingjum fjölgar um tugi þúsunda, þykir ekki rétt að veita öllum þeim iðgjaldagreiðendum, sem verða nú skattleysingjar, skilyrðislausan rétt til þess að sveitarsjóðir greiði fyrir þá iðgjöld. Slíkt væri mikil ofrausn. T. d. verða hjón með fjögur börn nú tekjuskattlaus þó að þau hafi 110 þús. króna hreinar tekjur á ári.

Lagt er til að viðmiðunin verði hin sama og hún var s. l. ár, þ. e., þeir sem væru skattleysingjar nú að óbreyttum lögum eigi rétt til þess að sveitarsjóður greiði iðgjöld fyrir þá nú eins og áður. Má því segja, að efnahagsviðmiðun frumvarpsgreinarinnar sé hin sama, að efni til, og gilt hefur til þessa.

Um 24. gr.

Á undanförunum árum hefur sérstökum lífeyrissjóðum fjölgað mjög.

Mjög margir þeirra hafa óskað viðurkenningar Tryggingastofnunar ríkisins, en samkvæmt 85. gr. almannatryggingalaga skal stofnunin, að uppfylltum vissum skilyrðum veita umbeðna viðurkenningu, og greiða sjóðfélagar þá aðeins um 30% af fullu iðgjaldi til lífeyrstrygginga, en það er vegna annarra bóta en elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyris, en þeirra bóta njóta þeir eigi frá lífeyrstryggingum.

Með fjölgun viðurkenndra lífeyrissjóða verða þeir æ fleiri, sem ekki greiða iðgjald til þess að standa undir ellilífeyrisgreiðslum og eru það fyrst og fremst yngri mennirnir, þar sem rosknir menn geta að jafnaði ekki öðlast lífeyrisréttindi í sjóðum þessum, sem komið geta í stað ellilífeyrisins.

Því verður stöðugt óhagstæðara hlutfallið milli fjölda ellilífeyrisþega almannatrygginganna og fjölda þeirra, sem greiða fullt iðgjald og ef t. d. allir starfandi menn væru í viðurkenndum lífeyrissjóðum mundu engir vera til að greiða iðgjöld til þess að bera kostnaðarhluta hinna tryggðu af ellilífeyri almannatrygginganna.

Þessi þróun er þegar farin að hafa áhrif á iðgjöld til lífeyristrygginga, sem orðið hefur að hækka meira en ella vegna þess, að mestöll fólksfjöldunin hefur lent í viðurkenndum sérsjóðum.

Það er skoðun margra, m. a. tryggingaráðs, að sérstakir lífeyrissjóðir eigi að vera viðbótartrygging við lífeyri almannatrygginga og að allir landsmenn á gjaldskyldaldri eigi að greiða fullt iðgjald til þeirra.

Nú situr á rökstólum nefnd, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun Alþingis 31. maí 1957, sem athuga skal, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Sú nefnd verður að gera grein fyrir sambandinu, sem vera skal á milli almannatrygginganna og hinna einstöku lífeyrissjóða. Tillagna um það atriði ætti því að vera von á næstunni. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir því, að fresta megi viðurkenningu lífeyrissjóða á meðan athugun þessi fer fram.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í 21. gr. leiðir til þess, að breyta verður iðgjöldum til sjúkrasamlaga frá því, sem nú er. Er óhjákvæmilegt, að sú breyting verði gerð nú strax við gildistöku laganna og þykir því öruggt að Tryggingastofnun ríkisins annist þá framkvæmd.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 21600.00	kr. 16200.00
Fyrir einstaklinga	— 12000.00	— 9000.00

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

16. gr. 4. mgr. orðist svo:

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 1200.00	kr. 900.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu	— 2400.00	— 1800.00

4. gr.

17. gr. 6. og 7. mgr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 6000.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 4500.00 á 2. verðlagssvæði.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

5. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera helmingur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

6. gr.

19. gr. orðist svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 1800.00 við hverja fæðingu.

7. gr.

20. gr. orðist svo:

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1200.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót kr. 900.00 mánaðarlega.

8. gr.

23. gr. 4. mgr. Í stað „7%“ komi: 10%.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum, um bætur samkv. II. kafla almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Svo falla og úr gildi ákvæði laga nr. 68/1958, um bætur samkv. 13., 14., 15., 17., 18., 21. og 23. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. júlí 1958 skipaði Guðmundur Í. Guðmundsson, þáverandi ráðherra tryggingamála, nefnd samkvæmt þingsályktun samþykktari 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna.

Nefndin skyldi sérstaklega athuga hvort unnt væri:

1. að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris.
2. að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna.
3. að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður,
4. að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögnum.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur, Gunnar Möller, hæstaréttarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar, Helgi Jónasson, formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jóhanna Egilsdóttir, formaður V.K.F. Framsókn, Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Vegna forfalla Öddu Báru Sigfúsdóttur, var frú Þórunn Magnúsdóttir skipuð í nefndina með bréfi, dags. 30. okt. 1958, en hún forfallaðist vegna sjúkleika og tók þá Adda Bára Sigfúsdóttir sæti í nefndinni.

Með bréfi, dags. 19. nóv. 1958, var frú Aðalbjörg Sigurðardóttir skipuð í nefndina.

Tryggingastofnun ríkisins hefur veitt nefndinni aðstoð með því að útvega ýmsar upplýsingar og annast útreikninga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutur bótaþega verði bættur samkv. því, sem á var bent í áðurnefndri þingsályktun. Nefndin áleit þó ekki kleift að breyta þeim ákvæðum, sem nú gilda um lífeyri með barni látinnar móður, vegna hinnar miklu útgjaldaaukningar, sem tillögur nefndarinnar um hækkun ýmissa bótagreina hafa óhjákvæmilega í för með sér.

Auk þessara breytinga á almannatryggingalögnum, leggur nefndin til, að mæðra-laun verði nokkuð aukin, að heimild Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu upp-bóta, samkv. 23. gr. almannatryggingalaga verði nokkuð rýmkuð, svo og ýmsar aðrar smávægilegar breytingar til samræmis við þær breytingar, sem hér voru nefndar.

Bótaupphæðum er í frumvarpinu breytt til samræmis við grunnupphæðir, samkv. ákvæðum laga nr. 1 30. jan. 1959, um nýjan vísitölugrundvöll, en af því leiðir lítills háttar hækkun á fjölskyldubótum og fæðingarstyrk, þar eð rétt þótti, að láta bætur þessar standa á heilum hundruðum króna. Þess ber þó að gæta, að þessi samræming

nær aðeins til lífeyrstrygginganna, enda situr nú önnur nefnd á rökstólum, sem endurskoða skal slysabætur.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins og þá gerð nánari grein fyrir þeim breytingum, sem hér er um að ræða.

Um 1. gr.

Á síðasta ári voru ýmsar bótategundir almannatrygginganna, svo sem elli-, örorku-, barnalífeyrir o. fl. hækkaðar tvisvar sinnum. Í fyrsta lagi voru bæturnar hækkaðar um 5%, sjá 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum. Í öðru lagi voru bætur hækkaðar frá 1. sept. 1958 um 9½% til samræmis við þær hækkanir, sem urðu á kaupgjaldi í september s. l. Loks má geta þess, að með lögum nr. 1 30. jan. 1959, 1. gr., er svo ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur með vísitölu 185, en kaupgjald og önnur laun með vísitölu 175, en þetta þýðir raunverulega ca. 5.7% mismun launa og lífeyris. Með þessu frumvarpi er svo enn lagt til, að lífeyririnn verði hækkaður sem næst því um 20%.

Nefndin lét gera samanburð á bótaupphæðum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum miðað við árslaun verkamanna í dagvinnu í sömu löndum. Bótakerfi hinna ýmsu landa eru nokkuð misjöfn, svo að hlutfallstölurnar eru ekki fullkomlega samþærilegar.

Þrátt fyrir þetta gefa þessar hlutfallstölur nokkuð ljósa hugmynd um, hver aðstaða íslenskra bótaþega var í október s. l. miðað við aðstöðu bótaþega í hinum löndunum.

Hér fer á eftir samanburður á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð, að því er varðar ellilífeyri til einstaklinga:

Ísland	17%	af launum verkamanna
Danmörk	30.2%	— — —
Svíþjóð	35%	— — —

Rétt er að minna á, að samkvæmt 23. gr. almannatryggingalaganna er heimilt að tvöfalda lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega, sem ekki eiga aflögufæran framferanda á lífi, en þessi heimild takmarkast af því framlagi, sem Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að verja í þessu skyni, þ. e. 7% af heildarlífeyri fyrra árs. Þess skal getið, að hlutfallstölurnar eru miðaðar við lífeyri í höfuðborgunum.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir að lögum, hækkar nefnd hlutfallstala, að því er Ísland varðar í 23.8%.

Í þessari grein frumvarpsins er einnig lagt til að aðstaðan milli hjóna og einstaklinga verði nokkuð jöfnuð. Samkv. gildandi lögum er hjónalífeyrir, þegar bæði hjón fá lífeyri, 20% lægri en lífeyrir tveggja einstaklinga. Með grein þessari er lagt til, að þessi munur verði aðeins 10%.

Samanburður varðandi hjón á áðurnefndum Norðurlöndum er þannig:

Ísland	27.3%	af launum verkamanna
Danmörk	45.4%	— — —
Svíþjóð	46.7%	— — —

Verði frumvarpsgreinin að lögum breytist hlutfallstala Íslands í 42.8%.

Vistgjald á elliheimilinu Grund í Reykjavík mun nú vera kr. 70.00 á dag, eða kr. 25550.00 á ári. Sé gert ráð fyrir, að heimild 23. gr. sé notuð, um tvöfaldan lífeyri, vantar kr. 1550.00 til þess, að vistgjaldið sé greitt. Þegar núgildandi almannatryggingalög voru sett, kom í hlut aðstandenda lífeyrisþegans eða hlutaðeigandi sveitarfélags að greiða kr. 5794.00 miðað við fulla uppbót, samkv. 23. gr. Verði umrætt frumvarpsákvæði að lögum nemur hliðstæð greiðsla kr. 25550.00 ÷ 24000.00 + 12000.00 × ⅓ eða kr. 6350.00, sem er nokkru hærra en var 1956, þegar almannatryggingalögin voru sett, þrátt fyrir þá hækun lífeyrisins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur áætlað útgjaldaaukningu vegna þeirrar hækkunar, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. kr. 20.3 millj. á ári, sjá fskj.

Þar eð örorkulífeyrir skal vera jafnhár ellilífeyri, leiðir af hækkun þeirri, sem ráðgerð er, samkv. þessari grein frumvarpsins, að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna örorkulífeyris og örorkustyrks hækka nokkuð. Stofnunin hefur áætlað þessa hækkun samtals á kr. 6.0 millj., sbr. fskj.

Þar eð ekkjulífeyrir, samkv. 21. gr. er miðaður við ellilífeyri, verður að gera ráð fyrir nokkurri hækkun ekkjulífeyris. Hækkun þessi er áætluð 0.2 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 2. gr.

Hámark makabóta, 60% af einstaklingslífeyri, er við það miðað, að hlutað-eigandi eiginkona geti, þegar sérstaklega stendur á, hlotið svo háar makabætur, að bætur til hjónanna nemi samtals fullum hjónalífeyri.

Með frumvarpinu er lagt til að mismunur á hjónalífeyri og einstaklingslífeyri verði minnkaður um helming, sbr. athugasemdir við 1. gr. Af þessu leiðir, að hækka verður hámark makabóta úr 60% af einstaklingslífeyri í 80%.

Útgjöld stofnunarinnar af þessum sökum eru mjög óveruleg.

Um 3. gr.

Þess er áður getið, að vegna samræmingar bótaupphæða við hinn nýja vísitölu-grundvöll, samkv. lögum nr. 1 30. jan. 1959, verður óhjákvæmilega smávægileg hækkun á fjölskyldubótum til þess að ákveða megi bæturnar í meðfærilegum upp-hæðum.

Þessi hækkun nemur 0.7 millj. króna á ári, samkv. áætlun stofnunarinnar, sjá fskj.

Um 4. gr.

Um hækkun þá á barnalífeyri, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, visast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 1. gr., um hækkun ellilífeyris.

Samanburður á barnalífeyri hér á landi og í Danmörku og Svíþjóð, samkv. núgildandi lögum, miðað við laun verkamanna, er þannig (vegna mismunandi fjölskyldubóta, skatta- og útsvarsákvæða verður að gæta varúðar við samanburð):

Ísland 8.7% af launum

Danmörk 7.5% — —

Svíþjóð 5.1% — —

Ef umrædd hækkun barnalífeyrisins verður samþykkt, er hlutfallstalan fyrir Ísland 11.9%.

Með grein þessari er enn fremur lagt til, að heimilt verði að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um 100%. Hækkunarheimild þessi er 50%, samkv. núgildandi löggjöf.

Útgjaldahækkun Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða þessarar frumvarps-greinar er áætluð 1.8 millj. kr., sbr. fskj.

Um 5. gr.

Lagt er til með grein þessari, að árleg mæðralaun verði *helmingur* óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri, í stað *þriðjungur* eins og nú er.

Samanburður á barnalífeyri að viðbættum mæðralaunum við Danmörk og Svíþjóð, þegar um er að ræða einstæða móður með tvö börn, miðað við laun verka-manna er á þessa leið:

Ísland 23.2% af launum

Danmörk 15.0% — —

Svíþjóð 10.9% — —

Verði þessi breyting að lögum, hækkar hlutfallstalan fyrir Ísland í 35.7%.

Útgjaldaaukning vegna ákvæða þessarar greinar hefur Tryggingastofnun ríkis-ins áætlað 2.4 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 6. gr.

Visast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 3. gr.
Hækkun vegna samræmingar er óveruleg, eða ca. 0.3 millj. króna á ári, sbr. fskj.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða sams konar samræmingu og samkv. 3. og 6. gr.
Hækkun af þessum sökum er alveg óveruleg.

Um 8. gr.

Vegna hámarksákvæðis 4. mgr. 23. gr. almannatryggingalaganna hefur orðið að skerða uppbót til þeirra lífeyrisþega, sem hér er um að ræða. Er því lagt til, að hámarksákvæðið verði hækkað úr 7% í 10% af heildarupphæð elli- og örorku- lífeyris síðastliðins árs.

Kostnaðarauki af þessum sökum er áætlaður 2.1 millj. króna á fyrsta ári, sbr. fskj., en síðan verður þessi upphæð nokkru hærri.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Samkvæmt fylgiskjalinu nemur útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins miðað við yfirstandandi ár samtals 33.8 millj. króna, ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar af koma 33% í hlut ríkissjóðs, sbr. 24. gr. laga nr. 24/1956, eða kr. 11154000.00. Persónuiðgjöld hækka samtals um sömu fjárhæð, eða um ca. 19%. Samkvæmt því hækkar t. d. persónuiðgjald hjóna á 1. verðlagssvæði úr kr. 1250.00 í kr. 1490.00 miðað við iðgjöld ársins 1959.

Frá alþingismönnum Jóhanni Þ. Jósefssyni og Karli Guðjónssyni hafa nefndinni borizt tilmæli um, að hún legði til, að niður verði felld skerðing lífeyris vegna annarra tekna en lífeyris, sbr. 22. gr. almannatryggingalaga.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það öðlist gildi 1. jan. 1960, ef að lögum verður. Samkvæmt ákvæðum nefndrar 22. gr. falla skerðingarákvæðin úr gildi í árslok 1960. Nefndin sá því ekki ástæðu til að gera tillögu um neina breytingu á nefndum ákvæðum, þar sem hér er aðeins um eitt ár að ræða. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að frá 1. jan. 1961 hækka af þessum ástæðum útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins um ca. 20 millj. króna. Sú byrði skiptist á þá aðila, sem greiða eiga útgjöld stofnunarinnar, samkv. 24. gr. almannatryggingalaga.

Þeir Gunnar J. Möller, Helgi Jónasson, Hjálmar Vilhjálmsson og Sverrir Þorbjörnsson hafa sérstöðu varðandi aldursmarkið og telja hækkun þess nú mjög koma til álita. Óska þeir bókað:

Á síðustu áratugum hefur meðalævi 65 ára fólks lengst sem hér segir:

	Karlar	Konur
1931—1940	78.3 ár	80.5 ár
1941—1950	79.7 —	80.9 —
1946—1955	80.0 —	81.5 —

Þó að þessi lenging meðalævinnar stafi sjálfsagt að einhverju leyti af betri heilsugæzlu þeirra, sem misst hafa starfsþrek sitt að meira eða minna leyti, þá virðist óhætt að gera ráð fyrir því, að hún sýni einnig að starfsævi manna hafi lengzt. Í þessu sambandi má minna á, að aldurshámark opinberra starfsmanna er nú 70 ár. Með lögum nr. 5/1947 var það hækkað úr 65 í 70 ár.

Það er því álit þessara nefndarmanna, að rétt hefði verið að hækka aldursmarkið nú um eitt ár. Samkvæmt áætlun Tryggingastofnunar ríkisins hefði það sparað stofnuninni ca. 7 millj. kr. á ári. Þeir telja enn fremur, ef efnahagsástæður ríkissjóðs, sveitarfélaga, atvinnurekenda og einstaklinga leyfi raunverulega þá miklu útgjaldaukningu, sem frumvarpið hefur í för með sér, eins og það nú liggur fyrir,

þá hefði verið réttara að hækka aldursmarkið og verja því fé, sem þannig sparaðist, til enn meiri hækkunar elli- og örorkulífeyris en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning miðast við árið 1959 og visitölu 100.

	Millj.
Hækkun ellilífeyris, sbr. 1. gr.	20.3
— örorkulífeyris, sbr. 1. gr.	5.5
— örorkustyrks, sbr. 1. gr.	0.5
— fjölskyldubóta, sbr. 3. gr.	0.7
— barnalífeyris, sbr. 4. gr.	1.8
— mæðralauna, sbr. 1. og 5. gr.	2.4
— fæðingarstyrks, sbr. 6. gr.	0.3
— ekkjulífeyris, sbr. 1. og 7. gr.	0.2
— skv. 23. gr. (7% í 10%), sbr. 8. gr.	2.1

Alls 33.8

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

2. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Nú veldur slys óvinnuhæfni skemur en 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfalli.

3. gr.

3. mgr. 36. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 60.00 á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. 68.00 fyrir kvæntan mann eða gifta konu og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

4. gr.

38. gr. orðist svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hið látna eða á framfæri þess, hljóta kr. 90000.00. Ef ekkja eða ekkill eru 50 ára eða eldri, eða hafa tapað 50% eða meiru af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 12000.00 á ári miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrir lækkar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að hlutaðeigandi sé 67 ára, sbr. þó 21. gr. 2. mgr.
- b. Barnalífeyrir, kr. 6000.00 fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 17. gr.

- c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur eigi minni en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna þegar eins stendur á.
- d. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 20000.00 og allt að kr. 60000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
- Bætur samkvæmt a-, c- og d-liðum skulu eigi lægri vera samanlagt en kr. 30000.00 fyrir hvert einstakt slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 30000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkvæmt b-lið, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn, sbr. 16. gr. 3. mgr., og fósturforeldra, gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar hvoru greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvoru tveggja eru á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 37. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

5. gr.

39. gr. orðist svo:

Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 36. gr. og endurgreiðslum samkv. 38. gr. í samræmi við það.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 5. febrúar 1959, skipaði Friðjón Skarphéðinsson, félagsmála-ráðherra, fimm manna nefnd til þess að endurskoða þau ákvæði III. kafla almanna-tryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur verði hækkaðar. Í nefndina voru þessir skipaðir:

Þjörgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Eðvarð Sigurðsson, ritari Dagsbrúnar, Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, sem verið hefur ritari nefndarinnar, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður var fornaður nefndarinnar, og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri.

Það kom til álitna í nefndinni, að hverfa frá þeim grundvelli, sem nú er um slysabætur, og lögbjóða bætur miðaðar við vinnutekjur og þá jafnvel fullar bætur, hversu sem hógum hins slasaða annars kann að vera háttað. Samkvæmt dómstóla-venju eru bótafjárhæðir vegna slysa mjög breytilegar eftir hógum hinna slösuðu. Almennar reglur, sem gilt gætu um hvern sem vera skal, er því ekki mögulegt að setja um bótafjárhæðir. Ef horfið yrði að þessu ráði mætti kveða svo á í lögum, að atvinnurekandi yrði eigi sóttur til ábyrgðar vegna slysa. Slíkt tryggingakerfi væri án efa mjög æskilegt fyrir báða aðila, hinn slasaða og atvinnurekandann. Þar eð slysatrygging á svipuðum grundvelli og nú gildir mun ekki tryggja fullar bætur vegna slysa, er áhætta hins slasaða í því fólgin, að oft mundi atvinnurekandinn ekki vera nægilega vel efnun búinn til þess að slysið fengist að fullu bætt. Um atvinnu- rekandann er það að segja, að efnahagur hans stendur oft á næsta völtum fótum, ef slys ber að höndum, sem ekki fengist bætt nema að nokkru leyti samkvæmt ákvæðum laganna um slysabætur, nema hann hafi tryggt sig sérstaklega fyrir því, sem nú er að visu all titt, en þó ferst áreiðanlega oft fyrir.

Nefndin taldi, að þetta atriði þyrfti meiri athugunar en hún átti kost á að framkvæma nú þegar og ákvað því að leggja til, að grundvöllur sá fyrir slysabótum, sem gilt hefur, verði látinn gilda áfram. Hins vegar álitur nefndin nauðsynlegt, að athugunum um slíka breytingu tryggingakerfisins verði haldið áfram, enda verði þá haft samráð við sérfræðinga skaðabótaréttar.

Það er sameiginlegt álit nefndarmanna, að slysbætur séu nú yfirleitt of lágar og þurfi að hækka verulega.

Um 1. gr.

Hér er aðeins lagt til, að auk Tryggingastofnunar ríkisins fái hvor aðila, atvinnurekandi og hinn slasaði eða fyrirsvarsmáður hans, rétt til þess að hlutast til um réttarrannsókn vegna slyss.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimild tryggingaráðs til þess að greiða sjúkrakostnað vegna slyss, sem veldur óvinnuhæfni skemur en 10 daga, bundin því skilyrði, að slíkur kostnaður sé eigi almennt greiddur af sjúkrasamlagi. Hér er hins vegar lagt til, að þessi heimild verði fyrir hendi, ef sjúkrakostnaðurinn fæst ekki greiddur hjá hlutaðeigandi samlagi af hvaða ástæðum, sem það annars er. Vanskil á sjúkrasamlagsiðgjöldum valda því t. d. nú, að tryggingaráði er óheimilt að greiða slíkan kostnað. Samkvæmt frumvarpsgreininni mundu slík vanskil ekki hafa áhrif á heimild tryggingaráðs til þess að greiða sjúkrakostnaðinn. Ef slysið veldur óvinnuhæfni lengur en 10 daga, verður slysatryggingin að greiða sjúkrakostnað vegna slyssins, þó að hinn slasaði sé í vanskilum við sjúkrasamlag sitt. Ástæðulaust virðist að hafa um þetta efni aðra reglu, þegar um slys er að ræða, sem veldur óvinnuhæfni skemur en 10 daga, enda sýnist sérreglan, sem nú gildir, áhrifalítill til þess að koma í veg fyrir vanskil á sjúkrasamlagsiðgjöldum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að dagpeningar hækki um ca. 45% þegar um einstakling er að ræða, ca. 42% fyrir hjón og ca. 24% fyrir hvert barn á framfæri, allt að þremur.

Frá því í janúar 1947 og þar til nú hefur dagvinnukaup verkamanna hækkað um 155%, dagpeningar einstaklinga um 80%, hjóna um 108% og vegna barna um 93%. Af þessu sést, að hækkun dagpeninga hefur verið töluvert lægri en hækkun kaupgjaldsins, sem eðlilegt virðist þó að fylgist nokkuð að. Verði frumvarpsgreinin að lögum, verða hliðstæð hundraðshlutföll sem hér greinir:

Dagpeningar einstaklinga 161%.
— hjóna 196%.
— vegna barna 169%.

Í samþykkt I. L. O. nr. 102/1953, um lágmark félagslegs öryggis, sem Ísland er aðili að, er áskilið lágmark dagpeninga vegna slysa 50% af launum og er þá miðað við hjón með tvö börn. Dagkaup verkamanna er nú kr. $20.67 \times 8 =$ kr. 165.36. Lágmarksbætur skulu því nema minnst kr. 82.68. Ef frumvarpsgrein þessi verður lögtekin verða bæturnar þessar, þegar þess er jafnframt gætt, að dagpeningar eru einnig greiddir fyrir sunnudaga og aðra helgidaga: $(kr. 68.00 + 2 \times 8) 7 : 6 =$ kr. 98.00. Væri þannig fullnægt ákvæðum samþykktarinnar og vel það.

Um 4. gr.

Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur því rétt, að dánarbætur

verði hinar sömu fyrir alla og leggur til, að þær verði kr. 90000.00 fyrir hvert dánarslys. Aðrar dánarbætur, sem greiddar eru í einu lagi, verði hækkaðar til samræmis við það.

Þá er ekkjulífeyrir ákveðinn með hliðsjón af frumvarpi því um breytingar á bótafjárhæðum lífeyristrygginga, sem fram var lagt á næst síðasta Alþingi. Sama gildir um upphæð barnalífeyris. Loks er lagt til, að lágmark ekkjulífeyris verði aldrei lægra en 10%, sbr. 21. gr. 2. mgr.

Hingað til hefur verið samræmi milli lífeyrisupphæða lífeyristrygginga og slysatrygginga. Með tilliti til þeirrar athugunar, sem nefndin leggur til að framkvæmd verði og getið er hér að framan, hefur nefndin ekki lagt til, að á þessu stigi verði breyting nú, þó að einstakir nefndarmenn áskilji sér fyrirvara um nefnt frumvarp til breytinga á bótafjárhæðum lífeyristrygginganna.

Bótafjárhæðir í c- og d-liðum eru samræmdar ákvæðum laga nr. 27/1959, um hækkaðar bætur vegna lögskráðra sjómanna.

Í annarri málsg. eru ákvæði, sem svara til þeirra ákvæða, sem nú eru í 39. gr., sbr. lög nr. 27/1959.

Um 5. gr.

Eins og áður er vikið að er eðlilegt, að slysabætur fylgi nokkuð almennu kaupgjaldi, en á því hefur orðið allverulegur misbrestur. Hér er því lagt til, að ráðherra fái heimild til þess að breyta bótaupphæðum í samræmi við breytt kaupgjald. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Að lokum þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeirri útgjaldaaukningu, sem slysatryggingin verður að taka á sig, ef frumvarpið verður að lögum. Eins og kunnugt er, hvíla útgjöld slysatrygginganna eingöngu á atvinnurekendum, þar eð tekjur þeirra eru aðeins iðgjöld, sem greidd eru af þeim.

Svo sem dregið er á hér að framan, var á næst síðasta Alþingi lagt fram frumvarp til laga um hækkaðar bætur lífeyristrygginga, og er talið líklegt, að það verði samþykkt. Verði það frumvarp að lögum er áætlað, að árlegar bótagreiðslur slysatrygginga hækki sem hér segir:

	Sjómannatrygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
a. Vegna barna- og ekkjulífeyris	170	130	300
b. — örorkubóta	170	350	520
Samtals	340	480	820

Við áætlunina er ekki tekið tillit til útgjalda, sem hækkaðar lífeyrisgreiðslur vegna eldri slysa hafa í för með sér, en gert er ráð fyrir, að varasjóður slysatrygginga beri þau útgjöld.

Auk ofangreindrar útgjaldaaukningar má áætla útgjöld vegna hækkunar dagpeninga og dánarbóta, sem greiddar eru í einu lagi, sem hér segir:

	Sjómannatrygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
a. Vegna dagpeninga	240	960	1200
b. — dánarbóta	40	670	710
Samtals	280	1630	1910

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að bótagreiðslur sjómannatryggingar mundu hækka um ca. 15%, en bótagreiðslur iðntryggingar um ca. 35%, og samantölgð hækkan útgjalda er áætluð 2730 þús. kr. á ári. Hlyti slík hækkan að sjálf-sögðu að hafa áhrif á iðgjöld til slysatrygginga.

Þannig samþykkt á nefndarfundi 23. nóvember 1959.

Hjalmar Vilhjálmsson. Björgvin Sigurðsson. Eðvarð Sigurðsson.

Sverrir Þorbjörnsson. Guðjón Hansen.

Fylgiskjal III.

Áætluð ársútgjöld lífeyrstrygginga.

	Upphafleg áætlun f. 1960 Millj. kr.	Miðað við frv. frá 1959 Millj. kr.	Miðað við nýtt frv. Millj. kr.
1. Ellilífeyrir m. m., ÷ hluti sveitarfél. af hækkan	80.0	101.9	125.0
2. Örorkulífeyrir, ÷ hluti sveitarfél. af hækkan ..	25.0	31.0	37.6
3. Örorkustyrkur	2.0	2.5	3.0
4. Barnalífeyrir óendurkræfur, ÷ hluti slysatr. ..	10.3	12.1	14.5
5. Barnalífeyrir endurkræfur, ÷ krafið hjá sveitarfél og ríkissjóði	—	—	—
6. Fjölskyldubætur	27.0	27.7	153.0
7. Mæðralaun	4.2	6.6	11.7
8. Fæðingarstyrkur	9.0	9.3	11.2
9. Ekkjubætur og lífeyrir	2.4	2.6	3.1
10. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega	6.0 ¹⁾	4.2	4.2
11. Til læknavitjana	0.3	0.3	0.3
12. Til rannsóknastofnana	0.7	0.7	0.7
13. Vegna erlendra samninga	0.1	0.1	0.1
	167.0	199.0	364.4
14. Til sjúkrasamlaga vegna sjúkrabóta	6.3	6.3	6.3
15. Kostnaður	6.1	6.1	6.5
16. Til varasjóðs	3.6	4.2	7.4
	183.0	215.6	384.6
Fjölskyldubætur færast á ríkissjóð	—	—	÷ 153.0
Framlag til sjúkrasamlaga færast á ríkissjóð ..	—	—	÷ 6.3
	183.0	215.6	225.3
Til skiptingar samkvæmt 24. gr.	183.0	215.6	225.3
Útgjöld samkvæmt frumvarpinu frá 1959 hefðu skipzt þannig:			
Ríkissjóður	71.1 millj. kr.	eða	33 %
Hinir tryggðu	71.1	—	— 33 —
Sveitarsjóðir	41.0	—	— 19 —
Atvinnurekendur	32.3	—	— 15 —

Samtals 215 millj. kr.

Í upphaflegri áætlun var ekki gert ráð fyrir að niðurgreiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda úr útflutningssjóði yrði haldið áfram á árinu 1960.

Sé útgjaldaaukningin látin koma á ríkissjóð, verður skipting útgjalda samkvæmt hinu nýja frumvarpi þannig:

Ríkissjóður	80.9 millj. kr. eða 36 %
Hinir tryggðu	71.1 — — — 32 —
Sveitarsjóðir	41.0 — — — 18 —
Atvinnurekendur	32.3 — — — 14 —

Samtals 225.3 millj. kr.

Sjúkratryggingar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 1960 voru tekjur sjúkrasamlaga áætlaðar sem hér segir:

Iðgjöld greidd af hinum tryggðu	39.8 millj. kr.
Niðurgreiðsla útflutningssjóðs	16.2 — —
Framlag lífeyristrygginga	6.3 — —
Framlag ríkissjóðs	18.7 — —
Framlag sveitarsjóða	18.7 — —

Samtals 99.7 millj. kr.

Ef samanlögð iðgjöld hinna tryggðu héldust óbreytt, yrðu árstekjur samkvæmt hinu nýja frumvarpi sem hér segir:

Iðgjöld	39.8 millj. kr.
Framlag ríkissjóðs	43.8 — —
Framlag sveitarsjóða	19.9 — —

Samtals 103.5 millj. kr.

Á það skal bent, að samkvæmt frumvarpinu frá 1959 hefði framlag lífeyristrygginga hækkað á næsta ári í ca. 8 millj. kr.

Slysatryggingar.

Áætla má, að árleg útgjöld slysatrygginga hækki sem hér segir:

	Sjómannatrygging þús. kr.	Iðntrygging þús. kr.	Samtals þús. kr.
1. Samkvæmt frumvarpinu frá 1959	340	480	820
2. Samkvæmt tillögum slysatrygginganefndar ..	280	1630	1910
3. Viðbót samkvæmt nýju frumvarpi	410	580	990
Alls	1030	2690	3720

Auk þeirrar árlegu útgjaldaaukningar, sem að ofan greinir, nemur útgjaldaaukning vegna eldri slysa (hækkun höfuðstólsandvirðis lífeyris) nálega 7 millj. króna.